

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002  
(styrkur til hitaveitna).

Frá atvinnuveganefnd.

### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. getur styrkur til hitaveitu numið allt að 16 ára áætluðum niðurgreiðslum skv. 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Viðkomandi hitaveita er í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.
2. Viðkomandi hitaveita hefur ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags sem stenst reiknireglur ráðuneytis sveitarstjórnarmála um skuldsetningu sveitarfélaga.
3. Viðkomandi hitaveita hefur fengið einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitu skv. orkulögum, nr. 58/1967, og uppfyllir því skilyrði 2. mgr. 32. gr. þeirra laga um að uppdættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Tryggt er að styrkurinn sé einungis til þess fallinn að færa eiganda (eigendum) hitaveitunnar lágmarksarðsemi miðað við fjárfestinguna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að í sérstökum tilvikum sé heimilt að miða stofnstyrk nýrra hitaveitna við allt að 16 ár af áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á orkuveituvæði viðkomandi hitaveitu. Um er að ræða undantekningu frá meginreglunni um 12 ára viðmið í 1. mgr. 12. gr. laganna og á hún eingöngu við að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þau skilyrði eru í fyrsta lagi að viðkomandi hitaveita sé opinber hitaveita, þ.e. í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Í öðru lagi að viðkomandi hitaveita hafi fjárhagslega getu í krafti hlutaðeigandi sveitarfélags sem standist reiknireglur ráðuneytis sveitarstjórnarmála um skuldsetningu sveitarfélaga. Í þriðja lagi skal viðkomandi hitaveita starfa samkvæmt einkaleyfi sem hún hefur hlotið í samræmi við 30.–32. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Einkaleyfi er veitt ef ráðherra telur að fengnu álitni Orkustofnunar að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf viðkomandi svæðis og að eðlilegur og truflanalaus rekstur sé tryggður auk annarra atriða sem kveðið er á um í 2. mgr. 32. gr. orkulaga. Ef einkaleyfi er veitt staðfestir ráðherra gjaldskrá hitaveitu áður en hún tekur til starfa. Í fjórða lagi skal vera tryggt að fjárframlag ríkisins renni einvörðungu til þess að færa eiganda lágmarksarðsemi miðað við þá nýfjárfestingu sem þörf er á.

